

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 49/2022**2022/EES/45/04****frá 18. mars 2022****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)**
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 frá 30. maí 2018 um viðurkenningu á og markaðseftirlit með vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki, um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 715/2007 og (EB) nr. 595/2009 og niðurfellingu tilskipunar 2007/46/EB ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð (ESB) 2018/858 fellir úr gildi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB ⁽²⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn, og ber því að fella gerðina brott samkvæmt samningnum.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á I. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi er bætt við á eftir 50. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/26):

„51. **32018 R 0858:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 frá 30. maí 2018 um viðurkenningu á og markaðseftirlit með vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki, um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 715/2007 og (EB) nr. 595/2009 og niðurfellingu tilskipunar 2007/46/EB (Stjtuð ESB L 151, 14.6.2018, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er EES-samninginn varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í 1. til 5. mgr. 9. gr. koma orðin „Eftirlitsstofnun EFTA“ í staðinn fyrir orðin „framkvæmdastjórnin“, „framkvæmdastjórnina“ og „framkvæmdastjórninni“ og orðin „Eftirlitsstofnunar EFTA“ í staðinn fyrir orðið „framkvæmdastjórnarinnar“ þegar gerðarviðurkenning hefur verið veitt í einu af EFTA-ríkjunum.
- b) EFTA-ríkin skulu taka þátt í gagnaskiptatorginu vegna framkvæmdar („framkvæmdartorginu“) sbr. 11. gr. og samráðsvettvangi um aðgang að upplýsingum um ökutæki sbr. 66. gr.
- c) Orðunum „Eftirlitsstofnunar EFTA ef gerðarviðurkenning hefur verið veitt í einu EFTA-ríkjanna“ er bætt við á eftir orðinu „framkvæmdastjórnarinnar“ í 2. mgr. 15. gr.
- d) Þrátt fyrir ákvæði bókunar 1 við samninginn er orðunum „, eða Eftirlitsstofnun EFTA hvað varðar EFTA-ríkin,“ bætt við á eftir orðunum „framkvæmdastjórnin“, „framkvæmdastjórnina“ og „framkvæmdastjórninni“ og orðunum „eða Eftirlitsstofnunar EFTA hvað varðar EFTA-ríkin“ bætt við á eftir orðinu „framkvæmdastjórnarinnar“ í 1. til 6. mgr. 53. gr.

⁽¹⁾ Stjtuð. ESB L 151, 14.6.2018, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtuð. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1.

- e) Þrátt fyrir ákvæði bókanar 1 við samninginn er orðunum „, eða Eftirlitsstofnun EFTA hvað varðar EFTA-ríkin,“ bætt við á eftir orðunum „framkvæmdastjórnin“ og „framkvæmdastjórnina“ og orðunum „,eða Eftirlitsstofnun EFTA hvað varðar EFTA-ríkin“ bætt við á eftir orðinu „framkvæmdastjórnarinnar“ í 54. gr.
- f) Þrátt fyrir ákvæði bókanar 1 við samninginn er orðunum „, eða Eftirlitsstofnun EFTA hvað varðar EFTA-ríkin,“ bætt við á eftir orðinu „framkvæmdastjórnin“ og „framkvæmdastjórninni“ og orðunum „,eða Eftirlitsstofnun EFTA hvað varðar EFTA-ríkin“ bætt við á eftir orðinu „framkvæmdastjórnarinnar“ í 6. mgr. 56. gr.
- g) Eftirfarandi undirgrein bætist við í 1. mgr. 85. gr.:
- „Fela skal verkefnið í 1. mgr. 85. gr. Eftirlitsstofnun EFTA, að því er varðar fyrirtækin sem um ræðir.“
- h) Eftirfarandi undirgrein bætist við í 4. mgr. 85. gr.:
- „Að því er EFTA-ríkin varðar, skulu EFTA-ríkin ákvarða úthlutun fjárhæða stjórnsýslusekta.“
2. Eftirfarandi undirlið er bætt við í liðum 45zt (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007) og 45zzk (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009):
- „– **32018 R 0858**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 frá 30. maí 2018 (Stjtið. ESB L 151, 14.6.2018, bls. 1).“
3. Texti liðar 45zx (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB) fellur brott.
2. gr.
- Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 2018/858, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.
3. gr.
- Ákvörðun þessi öðlast gildi 19. mars 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).
4. gr.
- Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 18. mars 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.